

Í september 2009 hófst þróunarverkefni hér í leikskólanum Tjarnarseli sem ber yfirskriftina **Bók í hönd og þér halda engin bönd**. Markmið verkefnisins er að efla mál- og læsisþroska barnanna hér í leikskólunum með því að lesa fyrir þau á enn markvissari hátt en verið hefur. Sérstök áhersla verður lögð á að efla orðaforða, hlustunarskilning og frásagnarhæfni barnanna með bókalestrinum. Verkefnið er hugsað sem nýr þáttur inn í lestrar- og skriftarhvetjandi umhverfi leikskólans.

Verkefnið miðar að því að lestur bóka verði hluti af daglegu starfi í leikskólanum og gæði við sögulesturinn aukin. Unnið verður með aðferð sem kallast *Orðaspjall* samhliða bókalestrinum en hún miðar að því að efla orðaforða barna og skilning á merkingu orða. Samhliða því verður lögð áhersla á að nota bókalestur til þess að efla frásagnarhæfni og hlustunarskilning barnanna með auknum samræðum og markvissari lestrarstíl. Þessar aðferðir verða einnig notaðar þegar börnum eru sagðar sögur og ævintýri og þeim kenndar þulur og vísur.

Við upphaf verkefnisins munu starfsmenn fá fræðslu um mál- og læsisþroska og verður lögð áhersla á fræðslu um orðaforða, frásagnarhæfni og hlustunarskilning. Einnig verður fjallað um gildi bókalesturs og mikilvægi hans fyrir mál- og læsisþroska leikskólabarna. Starfsmenn munu læra *Orðaspjalls*-aðferðina og aðferðir við samræðu og lestrarstíl sem reynst hafa árangursríkar þegar lesið er fyrir börn. Í verkefninu verður leitað eftir samvinnu við foreldra meðal annars með kynningu á verkefninu og framvindu þess á foreldrafundum, í fréttabréfum og hér á heimasíðu leikskólans.

Verkefnið mun taka tvö ár og skiptist í þrjú áfangi. Fyrsti áfangi verkefnisins hófst á skipulagsdegi nú í september. Þar fengu starfsmenn fræðslu um mál- og læsisþroska barna. Einnig fengu þeir kynningu á uppbyggingu þróunarverkefnisins. Þessir haustmánuðir eru hugsaðir sem undirbúningstími fyrir starfsmenn þar sem þeir æfa sig í að beita nýjum aðferðum þegar þeir lesa fyrir börn. Annar áfangi hefst um áramót en þá eiga starfsmenn að beita þessum nýju aðferðum af fullum krafti. Einnig fá þeir meiri fræðslu tengda verkefninu. Þriðji og síðasti áfangi verkefnisins hefst haustið 2010 en þá eiga kennarar að ná fullum tókum á að beita þessum aðferðum í starfi og geta gripið til

þeirra án fyrirhafnar. Verkefninu lýkur með því að gerð verður lokaskýrsla um framvindu þess, fræðilegt og hagnýtt gildi sem vonandi mun nýtast fleiri leikskólum til framtíðar. Ásta deildarstjóri á Ljósvöllum, Ingunn Ósk deildarstjóri á Sunnavöllum og Árdís Hrönn verkefnisstjóri stýra verkefninu.